

Nd. **217. Frumvarp til laga** [190. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. gr.

Í c-lið 2. mgr. 51. gr. laganna falli niður orðin: „vegna brottfalls tekna af vinnu utan heimilis“.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er efnislega samhljóða 2. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971 (6. mál, þskj. 6).

Nefndin varð sammála um að vísa því máli til ríkisstjórnarinnar í trausti þess að meginefnið kæmi til framkvæmda í áföngum. Nefndin var jafnframt sammála um að síðara efnisatriði frumvarpsins væri nánast leiðrétting á gildandi lögum og flytur því sérstakt frumvarp um að greiðsla sjúkradagpeninga skerðist ekki við greiðslu mæðralauna einstæðra heimavinnandi mæðra.